

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 6. maí 2019  
UST201904-222/B.S.  
08.14.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Jarðgerð - Íslenska Gámafélagið. Umsögn**


Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að jarðgera allt að 2000 tonn á ári af lífrænum eldhúsúrgangi sem að öðrum kosti þyrfti að urða. Fram kemur í greinargerð að jarðgerð hafi verið stunduð af fyrirtækinu um 10 ára skeið. Mikil reynsla sé nú komin á þessa framleiðslu og verklag sem stuðlar að því að minnka lykt frá framleiðslunni bæði með því að framkvæmd vissar aðgerðir m.t.t. vindáttar, vakta örverur í moltunni og koma í veg fyrir að meindýr sæki í moltuna. Ekki verður notaður sláturúrgangur við framleiðsluna. Fram kemur að losun gróðurhúsalofttegunda verði miklu minni við moltuframleiðslu en urðun. Framleiðslan mun fara fram á lokuðu athafnasvæði á malbikuðu plani.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Gögn eru góð og auðskiljanleg.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur